

## Fundargerð Bygginganefndar

Miðvikudaginn 12. nóvember 2003, kl. 17.<sup>00</sup>, var fundur haldinn í byggingarnefnd Höfðahrepps. Á fundinum voru mættir: Gunnlaugur Sigmarsson, Vilhelm B. Harðarson, Sæmundur Gunnarsson, Magnús B. Jónsson, Pétur Eggertsson, Rolf Árnason, byggingafulltrúi og Þröstur Líndal slökkviliðsstjóri.

### Dagskrá

#### 1. Hafnarlóð 6. (fnr. 213-9126 / 213-9129)

Erindi eigend sem óska eftir heimild til að klæða húsið að utan og staðfestingu uppdráttar af eigninni. Fyrir fundinum lágu uppdrættir sem sýna breytingar á útlit hússins og skiptingu þess auk skilgreiningar á lóðastærðum og lóðamörkum. Byggingarnefnd samþykkti breytingu á útliti og staðfesti lóðamörkin skv. fyrirbyggjandi teikningum.

#### 2. Skagavegur 14, (fnr. 213-9097)

Erindi Kjartans Stefánssonar, sem óskar eftir heimild til að reisa bílskúr við eignina. Meðfylgjandi erindinu var teikning sem sýndi stærð fyrirhugaðs bílskúrs og byggingarefni. Byggingarnefnd samþykkti erindið og fól byggingarfulltrúa að fylgja því eftir að skúrinn verði byggður skv. viðurkenndum aðferðum.

#### 3. Fellsbraut 2 (fnr. 213-8843):

Erindi Þráins Bessa Gunnarssonar og Jóhönnu Karlsdóttur sem óskar heimildar byggingarnefndar til að byggja viðbyggingu við húsið skv. meðfylgjandi teikningum. Auk þeirra undirrita erindið meðeigendur hússins Þór Árnason og Karitas Pálsdóttir. Erindið var samþykkt.

#### 4. Steinholt, Skagavegur 19 (fnr. 213-9191)

Erindi Hrannar Ásgeirsdóttur sem óskar heimildar byggingarnefndar til að byggja sólpall og skjólveggi við húseignina og gera breytingar á hurð og gluggum. Meðfylgjandi erindinu var uppdráttur sem sýndi fyrirhugaðar framkvæmdir. Erindið var samþykkt.

#### 5. Ránarbraut 22 (fnr. 213-8973)

Erindi Péturínu Jakobsdóttur og Reynis Lýðssonar sem sækja um heimild til að byggja sólpall og skjólgirðingar við hann. Meðfylgjandi erindinu var teikning sem sýndi fyrirhugaðar framkvæmdir. Erindið var samþykkt.

#### 6. Sunnuegur 4 (fnr. 213-9031)

Erindi Karls Guðmundssonar og Dagnýjar Hannesdóttur sem óska heimildar til að klæða hús sitt að utan með Canixel klæðningu. Erindið samþykkt.

#### 7. Oddagata 4, (fnr. 213-8948)

Ágúst Þór Bragason f.h. Höfðahrepps sækir um leyfi til að reisa skjólgirðingu vestan við eignina skv. meðfylgjandi teikningum. Meðfylgjandi var grunnmynd af svæðinu sem sýndi staðsetningu girðingarinnar. Erindið var samþykkt.

#### 8. Árnes (fnr. 213-9084)

Birgir Árnason óskar heimildar byggingarnefndar til að láta 35m<sup>2</sup> skúr standa vestan við húsið í ótilgreindan tíma. Byggingarnefnd frestaði afgreiðslu málsins og taldi rétt að

krefjast nánari útlitslýsingar með tilliti til þess að fyrirhugaðar eru endurbætur á lóð við Bjarmanes og umhverfi þess því viðkvæmt fyrir breytingum.

## 9. Umferðamál.

Tillaga að reglum um umferð í Höfðahreppi.

Sveitarstjóri kynnti tillöguna sem var áður til umfjöllunar á fundi nefndarinnar 28. maí sl. Nokkrar breytingar höfðu orðið sem sveitarstjóri gerði grein fyrir. Mikil umræða varð um umferðarmál og umferðarstýringu. Eftir nokkra umræðu var tillagan samþykkt með talsverðum breytingum og henni vísað til hreppsnefndar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 19.00

Gunnlaugur Sigmarsson

(sign)

Vilhelm B. Harðarson

(sign)

Sæmundur Gunnarsson

(sign)

Magnús B. Jónsson

(sign)

Pétur Eggertsson

(sign)

Rolf Árnason

(sign)

Þröstur Líndal

(sign)